




Mér finnst gott að
búa á Bíldudal af því
það er litill bær.
Svanur Þór

Bíldudalur – samtal um framtíðina

Skilaboð íbúáþings, september 2013

EFNISYFIRLIT

Samantekt.....	1	5.1	Skipulagsmál	12
1. Inngangur	2	5.2	Húsnæðismál	13
2. Forgangsöröðun	3	6.	Náttúra og umhverfi	14
3. Samfélagið	4	6.1	Skógræktin útivistarsvæði	15
3.1 Heilbrigðisþjónusta	4	7.	Menningin.....	15
3.2 Daggæsla ungabarna.....	5	7.1	Bíldudals grænar baunir	15
3.3 Íþrótt- og æskulýðsmál.....	6	7.2	Dalbraut 1	16
3.4 Málefni eldra fólks	6	7.1	Ævintýralandið Bíldalía	17
3.5 Konur út á land.....	7	7.2	Handverkshópur	17
3.6 Sí- og endurmenntun	8	8.	Samgöngur.....	17
4. Atvinnan	9	8.1	Umferðaröryggi	18
4.1 Frumkvöðlar	9	9.	Viðhorf og virkni	18
4.2 Sjávarútvegur og fiskvinnsla.....	9	9.1	Jákvæðni	18
4.3 Ferðaþjónusta	10	9.2	Þátttaka íbúa.....	19
4.4 Tjaldsvæðið	12	10.	Árangursmælikvarðar	19
5. Uppbygging	12	11.	Að lokum.....	20

*Öllum sem þátt tóku í íbúáþinginu,
verkefnisstjórn og heimamönnum á Bíldudal
sem aðstoðuðu við framkvæmdina
eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf
og skemmtilegt þing.*

Umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt hafði ILDI, þjónusta og ráðgjöf, Sigurborg Kr. Hannesdóttir, í samstarfi við starfsfólk Byggðastofnunar.

Þingið var haldið í Félagsheimilinu Baldurshaga.

Kvenfélagið Framsókn sá um veitingar.

Signý Sverrisdóttir og Fannar Freyr Ottósson fluttu tónlist við upphaf þings.

Grunnskóli Vesturbyggðar, Bíldadalsskóli vann verkefni um Bíldudal, fyrir þingið.

Ljósmyndir í þessari samantekt eru frá Byggðastofnun og ILDI.

Í verkefnisstjórn sitja:

Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Aðalsteinn Þorsteinsson, Byggðastofnun.

Ása Dóra Finnbogadóttir, fulltrúi íbúa.

Ásthildur Sturludóttir, Vesturbyggð.

Neil Shiran Þórisson, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun.

Þóroddur Bjarnason, Háskólanum á Akureyri og Byggðastofnun.



SAMANTEKT

„Bíldudalur – samtal um framtíðina“, er verkefni þar sem Byggðastofnun, Vesturbyggð, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Háskólinn á Akureyri og síðast en ekki síst íbúar á Bíldudal, leggja saman krafta sína til eflingar byggðar á Bíldudal.

Á fjörutíu manna íbúðapingi, sem haldið var síðustu helgina í september 2013, töldu þátttakendur að húsnæðismál, heilbrigðisþjónusta, samgöngur og íþrótt- og æskulýðsmál, séu mikilvægustu stoðirnar og ráðandi fyrir byggðapróun. Þátttakendur mótuðu dagskrána sjálfir í upphafi þings með því að stinga upp á málefnum og stýrðu umræðuhópum.

Á Bíldudal eru áform um töluverða uppbyggingu í tengslum við laxeldi og mótuðust umræður nokkuð af þeim væntingum, þó nú sé í raun biðstaða, þar til endanlegar ákvarðanir liggja fyrir.

Varðandi samgöngur er tenging norður- og suðursvæðis Vestfjarða gríðarlega mikilvæg, að mati þátttakenda og lagði samgönguhópur einnig áherslu á leið B1 frá Vestfjörðum til Reykjavíkur. Rætt var um allar mögulegar leiðir til uppbyggingar nýs íbúðarhúsnæðis, enda forsenda þess að íbúum geti fjölgað.

Fram komu ýmsar ábendingar um hvað betur má fara í heilbrigðisþjónustu og áhugi er á að efla þjónustu við eldri borgara. Varðandi íþrótt- og æskulýðsmál verða til auknir möguleikar með því að horfa á sunnanverða Vestfirði sem eina heild, að mati þátttakenda.

Heimamenn sjá mikla möguleika í ferðaþjónustu og rötuðu þar margar hugmyndir á blað. Mikill áhugi er á að bæta aðgengi að skógræktarsvæði og koma þar upp góðri aðstöðu til útivistar. Engin fiskvinnsla er á Bíldudal og voru ræddar leiðir til að koma henni á, m.a. með samlagi um litla fiskvinnslu.

Lagt var til að stofnað verði nýtt félag um bæjarhátíðina „Bíldudals grænar baunir“, með þátttöku heimamanna og brottfluttra. Ákveðið var að stofna handverkshóp og rætt möguleika í menningarstarfsemi og viðburðum. Þá varð fjörug umræða um hvernig hægt er að fá konur til að flytja út á land.

Samvinna og samstaða voru þátttakendum ofarlega í huga. Strax á þinginu urðu til nokkrir vinnu- og Facebook hópar íbúa og brottfluttra til að fylgja málum eftir og ákveðið að stefna að reglulegum kaffi- eða súpfundum um málefni Bíldudals.

Verkefnisstjórn, sem í sitja fulltrúar Byggðastofnunar, Vesturbyggðar, AtVest, Fjórðungssambands Vestfirðinga og íbúa á Bíldudal, mun fylgja skilaboðum þingsins eftir og setja mál í farveg eftir því sem kostur er. Haldinn verður annar íbúafundur á Bíldudal í nóvember.

Verkefnið á Bíldudal er hluti af verkefni Byggðastofnunar „Brothættar byggðir“. Sambærileg vinna á sér nú stað í Breiðdalshreppi, Skaftárhreppi og á Raufarhöfn, þar sem verkefnið er lengst komið. Verið að reyna nýjar leiðir, þar sem þátttaka íbúa er í forgrunni og hefur ILDI, þjónusta og ráðgjöf umsjón með samræðu íbúanna.

Mikill kraftur ríkti á þinginu og þó stuðningur þeirra stofnana sem standa að verkefninu sé mikilvægur, er óhætt að segja að Bílddælingar hafi strax þessa helgi, ákveðið að bretta upp ermar og gera það sem í þeirra valdi stendur til að efla byggð á Bíldudal.

1. INNGANGUR

„Bíldudalur – samtal um framtíðina“ er verkefni á vegum Byggðastofnunar, í samstarfi við Vesturbyggð, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Háskólann á Akureyri, ásamt íbúum á Bíldudal.

Markmið verkefnisins er að stofnanir, sveitarfélag og íbúar leggi saman krafta sína og leiti leiða til eflingar byggðar á Bíldudal. Þannig er horfið frá þeirri nálgun að stofnanir eða stjórnvöld komi með lausnir sem ekki eru sprottnar innan frá. Byggt er á samfélaginu sjálfu, íbúunum og þeirra vilja, krafti og frumkvæði. Hugtakið **valdefling** er leiðarljós í allri vinnu með íbúum, hvort heldur er fyrirkomulag funda eða ferlið í heild sinni.

ILDI, þjónusta og ráðgjöf hefur umsjón með þátttöku íbúa, en fyrirtækið hefur sérhæft sig í slíkum verkefnum og vinnur eftir alþjóðlegum viðmiðum, gildum og siðareglum.

Bíldudalur er einn af fjórum stöðum þar sem Byggðastofnun stendur fyrir sambærilegum verkefnum, undir yfyrskriftinni „Brothættar byggðir“. Hinir staðirnir eru Breiðdalshreppur, Skaftárhreppur og Raufarhöfn, þar sem verkefnið er lengst komið.

Haldinn var íbúafundur, þriðjudaginn 3. september 2013, þar sem verkefnið var kynnt, auk þess sem fram fór kynning og umræða um skipulagsmál vegna áforma um uppbyggingu tengda laxeldi. Niðurstöður umræðna á þeim fundi er að finna í sérstakri samantekt.

Helgina 28. – 29. september var svo haldið íbúaping á Bíldudal þar sem mættu yfir 40 manns og tóku þátt í líflegum umræðum. Fyrirkomulag þingsins var svokallað „Opið rými“ – Open Space, þrautreynd

fundaaðferð¹. Þátttakendur stungu sjálfir upp á umræðuefnum og leiddu umræðuhópa.

Það má segja að þessi samantekt hafi orðið til jafnóðum á þinginu því uppistaðan í köflunum hér á eftir er komin beint frá umræðuhópunum sem skráðu niðurstöður sínar í tölvur í lok umræðna.

Fyrir þingið unnu nemendur í Bíldudalsskóla verkefni um þeirra sýn á Bíldudal og skreyttu myndir og gullkorn frá þeim, veggi Baldurshaga meðan á þinginu stóð.

Hvað þarf til?



Verkefnið er tilraun til að styrkja samfélag innan frá og byggja brú milli innri stöðu og ytri aðstæðna.


¹ <http://www.openspaceworld.org/>

2. FORGANGSRÖÐUN

Í lok þings var málefnum forgangsraðað út frá mikilvægi fyrir Bildudal og framtíðina. Hver þátttakandi fékk 10 punkta til að raða á málefni að eigin vali. Fjallað er nánar um hvert og eitt málefni í köflunum hér á eftir.

Fjögur mál fá mest vægi, húsnæðismál, heilbrigðisþjónusta, samgöngur og íþrótt- og æskulýðsmál. Þrír fyrstu málaflokkarnir snerta grunngerð byggðarinnar og eru ráðandi um grundvöll búsetu.

Hér endurspeglast að Bílddælingar eru að búa sig undir mögulega uppbyggingu tengda laxeldi og þess mátti sjá stað í umræðum um fleiri mál á þinginu. Íbúar voru þó meðvitaðir um að sú uppbygging er ekki föst í hendi og verði ekki af henni eru skilaboð þingsins samt fullgild, því þá þarf að leita annarra leiða til eflingar byggðar. Og þá þarf að vera til húsnæði, heilbrigðisþjónusta og samgöngur, ásamt öllu hinu sem fólk ræddi um á íbúapönginu.



3. SAMFÉLAGIÐ

Málefni samfélagsins voru rædd í ýmsum umræðuhópum og er hér gert grein fyrir þeim helstu, heilbrigðisþjónustu, daggæslu ungabarna, málefnum eldra fólks, íþróttum og tómstundum, sí- og endurmenntun og leiðum til að fá konur til að flytja út á land.

3.1 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Í umræðuhópi um heilbrigðisþjónustu var rætt um mæðravernd, sérfræðiþjónustu og annað.

Mæðravernd

Kallað var eftir aukinni þjónustu við verðandi mæður. Erfitt sé að vera verðandi móðir í Vesturbyggð í dag, konur þurfi kannski að fara milli nokkurra mismunandi lækna í mæðraskoðanir yfir meðgöngutímann. Konur séu oft viðkvæmar á þessum tíma og vilji persónulega þjónustu – ljósmóður, sem sinni konunni yfir alla meðgönguna.

Ljósmóðir gæti notað sönartæki sem er til staðar á Patreksfirði, en ekki notað vegna ónógrar þekkingar starfsfólks, sögðu þátttakendur.

Hópurinn taldi æskilegt að hægt væri að fara í mæðraskoðun í læknatíma á fimmtudögum á Bíldudal, því óþægilegt sé fyrir ófríska konu á Bíldudal að fara um tvo fjallvegi, sérstaklega að vetrarlagi, til þess eins að láta vigta og tékka blóðþrýsting. „Þetta á að vera hægt að framkvæma hér á Bíldudal“, sögðu þátttakendur. Þannig væri hægt að bæta þjónustuna, enda ekki margar ófrískar konur í einu á staðnum.

Fram kom hugmynd um ferðastyrk fyrir verðandi foreldra sem þurfa að fara tveimur vikum fyrir settan dag til Reykjavíkur, bíða barns og dvelja svo í einhvern tíma eftir fæðingu barns.

Stungið var upp á að innleiða þroskapróf í 2 ½ árs skoðun barna inn í leikskólana. Erfitt sé fyrir börn að fara inn á heilsugæslu í umhverfi sem þau hræðast (læknar) og tala við manneskju sem þau ekki eru kunnug.

Sérfræðiþjónusta

Hrósað var því framtaki að nú geti fólk leitað til sálfræðings einu sinni í mánuði á Patreksfirði. Þetta er tilraunaverkefni og taldi hópurinn mikilvægt að því verði haldið áfram, þar sem erfitt sé fyrir fólk að sækja slíka þjónustu til Reykjavíkur. Bent var á að bæta mætti sérfræðiþjónustu enn frekar.



Annað

Lögð var áhersla á trúnað starfsfólks í afgreiðslu og var vitað um dæmi þar sem hann var ekki virtur.

Þá var nokkur umræða um afgreiðslu lyfja, en íbúar Bíldudals þurfa að sækja þá þjónustu á Patreksfjörð. Þetta er sérstaklega erfitt fyrir eldra fólk. Fram komu óskir um að til dæmis yrði hægt að nálgast verkjalyf í afgreiðslu á fimmtudögum á Bíldudal. Einnig var varpað fram þeirri hugmynd hvort hægt væri að fá lyf frá Lyfju á Patreksfirði með pósthólinum, t.d. daginn eftir læknatíma á fimmtudögum (sem og aðra daga). Þá mætti koma á samningi milli Póstsins og Lyfju um dreifingu lyfja heim til fólks með póstinum.

3.2 DAGGÆSLA UNGABARNA

Rætt var um tvo kosti varðandi daggæslu ungabarna, annars vegar um dagforeldra og hins vegar um heimavinnandi foreldra.

Dagforeldrar

Rætt var um að dagforeldrar þurfi að vera á launum hjá sveitarfélaginu og foreldrar greiði gjöld beint til sveitarfélagsins.

Hópurinn var þeirrar skoðunar að tryggja þurfi laun dagforeldra þannig að viðkomandi fái alltaf greidd lágmarkslaun þrátt fyrir að „vöntun“ sé á börnum. Þá megi leikskólar í sveitarfélaginu ekki fara inn á „markað“ dagforeldra. Það er, leikskólar ættu ekki að taka inn börn yngri en 18 mánaða, að mati þátttakenda. Þannig hafi dagforeldrar nægan tíma, eða 9 mánuði með börnunum.

Heimavinnandi foreldrar

Viðraðar voru hugmyndir um styrk fyrir þá foreldra sem vilja eða þurfa að vera heima með börnin fram að leikskólaaldri. „Gæti t.d. verið lengra fæðingarorlof fyrir foreldra í litlum samfélögum þar sem ekki er forsenda fyrir dagforeldra?“, var spurt.

Nauðsynlegt getur verið fyrir foreldra ungra barna á staðnum að hittast reglulega og hafa börnin með. Því kom fram tillaga um að sveitarfélagið legði fram húsnæði til þess, t.d. félagsheimilið.

Bent var á að sveitarfélagið gæti aðstoðað fjárhagslega með því að leggja niður eða fresta opinberum gjöldum fyrsta ár barnsins. Til dæmis, að foreldrar greiði ekki fasteignagjöld og þess háttar þetta fyrsta ár.

„Það væri hægt að líta á þetta sem fjárfestingu sveitarfélaga í börnunum og þar með fjárfestingu í framtíð byggðar á svæðinu“, sögðu þátttakendur.

Þá kom einnig fram ábending um að bankar og lánastofnanir gætu veitt fjárhagsaðstoð fyrsta árið með stöðvun eða frestun afborgana af lánum.

*„Fjárfesting í börnunum, er fjárfesting
í framtíð byggðar á svæðinu“*

3.3 ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Hópurinn sem fjallaði um íprótta- og æskulýðsmál, lagði til sem markmið að íprótta og æskulýðsstarf í Vesturbyggð og Tálknafirði verði til fyrirmyndar innan 5 ára.

Lögð var áhersla á að þetta sé sameiginlegt verkefni allra í samfélaginu á sunnanverðum Vestfjörðum og að á svæðinu þurfi að vera starfandi sameiginlegur æskulýðs- og ípróttafulltrúi.

Fram kom að hægt væri að leggja áherslu á sérhæfingu í ákveðinni ípróttagrein, sem samfélagið ákveði og yrði sameiginlegt lið sunnanverðra Vestfjarða.

Til varð hugmynd um „Æskulýðsvagn“, sem færi á milli staða og sinnti ferðum í tónlistarstarf, félagsstörf og ípróttir.

Í umræðu um næstu skref taldi hópurinn að boða þurfi til sameiginlegs fundar. Það ætti að vera í höndum íprótta- og æskulýðsnefndar Vesturbyggðar, á ábyrgð félagsmálastjóra, að mati þátttakenda.

Rædd var hugmynd um að þingið álykti um niðurstöður umræðuhóps og sendi tillögu um íprótta- og æskulýðsmál til sveitarfélagsins þ.e. félagsmálastjóra og æskulýðsnefndar.

„Setja okkur markmið: Að íprótta- og æskulýðsstarf í Vesturbyggð og á Tálknafirði verði til fyrirmyndar innan 5 ára.“

3.4 MÁLEFNI ELÐRA FÓLKIS

Einn hópur ræddi sérstaklega um málefni eldra fólks. Þátttakendum voru húsnæðismál hugleikin sem og þjónusta til að auðvelda fólki að búa heima sem lengst. Einnig að efla tómstundir og að meðal annars mæti nýta Félagsheimilið Baldurshaga í því skyni.

Þörf er fyrir minni íbúðir fyrir eldri borgara sem vilja minnka við sig húsnæði og/eða þjónustuíbúðir. Þá vantar þjónustu vegna daglegra þarfa, s.s. verslunar og opinberrar þjónustu.

Rætt var um reglulegar strætósamgöngur milli staða. Samstarf kom mikið til umræðu, s.s. við Rauða krossinn og Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði, sem mun reyndar vera komin á. Þá var rætt um samstarf við bókasafn og þjónustu þess og aðgengi að þjónustufulltrúa aldraðra.



3.5 KONUR ÚT Á LAND

Í þessum hópi fór fram lífleg samræða um spurninguna: Hvernig fáum við konur til að flytja út á land?

Af niðurstöðum hópsins má sjá að svarið er margþætt og snýst um samspil atvinnulífs, þjónustu og samfélagsbrags.

Atvinna og kjör

Fram kom að einhæfni atvinnulífs er mikill löstur og að eitt af því sem konur sækjast eftir sé „lekker vinna með góðum launum“. Fleiri störf án staðsetningar skapa möguleika fyrir konur.

Rætt var um hvernig hægt væri að umbuna íbúum á landsbyggðinni þar sem fólk þarf að sækja mikla þjónustu til Reykjavíkur. Meðal hugmynda voru fleiri kjarasamningsbundnir frídagar og að bæta 2 mánuðum við fæðingarorlof vegna biðar eftir barni t.d. í Reykjavík eða á Ísafirði. Einnig að bjóða mætti afskriftir af námslánnum, ef fólk flyst út á land eftir nám.

Opinber þjónusta

Hópurinn var sammála um að bæta þurfi samgöngur og kallaði eftir almenningssamgöngum innan svæðis.

Aðgangur að góðri heilbrigðisþjónustu, skiptir miklu máli að mati þátttakenda og í boði þarf að vera daggæsla fyrir börn frá 9 mánaða aldri. Góðir skólar hafa áhrif og öryggi er mikilvægt. Íþrótt- og æskulýðsmál þarf að efla og almennt taldi hópurinn að góð skilyrði fyrir börn skipti konur máli þegar þær velja sér búsetu, eða eins og það var orðað: „Fleiri tækifæri fyrir börn.“

Önnur þjónusta

Ýmis önnur þjónusta þarf helst að vera til staðar, að mati þátttakenda, svo sem:

- Matvöruverslun.
- Bókakaffi.
- Meiri þjónusta, snyrtifræðingar og klipparar o.s.frv.
- Heimilisvörubúð með gjafavörum, barnafötum og handavinnuvöru.
- Rækt, sundlaug og hlaupahópur.



Samfélag og félagsskapur

Margt var rætt sem í raun er í höndum íbúanna sjálfra og samfélagsins, t.d. fleiri tækifæri til samveru og jákvæð viðhorf.

- Skemmtilegur félagsskapur.
- Jákvæðni, jákvæðni og samkennd.
- Sjálfsrækt, kærleikur milli íbúa.
- Hittast oft, saumaklúbbur fyrir alla. Draga úr lokuðum grúppum-taka á móti íbúum með opnum örmum.
- Samfélagsmiðstöð, íbúar hittast einu sinni í viku eða mánuði.
- Vinna gegn eigin samfélagslegum fordómum.

Auk þess að vinna gegn eigin fordómum taldi hópurinn mikilvægt að vinna gegn landsbyggðarfordómum í þjóðfélaginu með góðu og jákvæðu PR. Leggja þurfi áherslu á þau gæði og þá kosti sem landsbyggðin hefur að bjóða, „betri kynningu á því sem í boði er“.



3.6 SÍ- OG ENDURMENNTUN

Í þessum hópi var umræða um þau tækifæri sem felast í sí- og endurmenntun sem leið til að efla fólkið á staðnum. Rætt var um fjölbreytt framboð á námi og námskeiðum á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Varpað var fram spurningu um hvaða störf verði í boði næstu árin og hvort fólk sé tilbúið í þessi störf, eða hvort þurfi að mennta fólk til þeirra. Talið var æskilegt að fólk geti sótt námskeið á vinnutíma til að styrkja sig í starfi.

Hugmyndir að námskeiðum:

- Handverkshúsið, fá námskeið þangað.
- Námskeið fyrir FabLab t.d. Inkscape. Halda kynningu á FabLab á suðursvæði Vestfjarða.
- Ýmis tómstundanámskeið þar sem hægt væri að nýta náttúruna, t.d. jurtir og náttúrulækningar og nýta efni úr sjávarklasanum.
- Námskeið í grunnhugmyndum að markaðssetningu, gæti nýst staðnum til að markaðssetja sig.

*„Vinna gegn fordómum gagnvart landsbyggðinni,
með góðu og jákvæðu PR.*

Vinna líka gegn eigin samfélagslegum fordómum.“

4. ATVINNAN

Atvinnumál voru þátttakendum hugleikin og var rætt um sjávarútveg og fiskvinnslu, ferðaþjónustu, auk þess sem umræðuhópur fjallaði um metnaðarfullar hugmyndir um tjaldsvæðið. Í einum hópi var rætt um stuðning við frumkvöðla, sem mikilvægan þátt í eflingu atvinnulífs.

4.1 FRUMKVÖÐLAR

Einn hópur ræddi um stuðning við frumkvöðla og varpaði fram ýmsum hugmyndum.

Talað var um að finna leiðir til að örva einstaklinga í að koma hugmyndum sínum niður á blað og að bæta þurfi kynningu á úrræðum fyrir frumkvöðla.

Halda mætti nýsköpunarhelgi þar sem hægt væri að fá þá sem skara fram úr á Hönnunarmars til að koma með kynningar.

Rætt var um þær breytingar sem hafa orðið með netinu og möguleikum sem það skapar fyrir landsbyggðina:

- Kynningar á netsölu, styrkjamöguleikum, markaðssetningu o.s.frv.
- Nota netið betur til að stunda viðskipti þar sem verslun þarf ekki að vera staðbundin.

Stungið var upp á að koma á námi í frumkvöðlafræði inni í 10. Bekk grunnskóla og svo áfram í framhaldsskóla. Hópurinn var sammála um að mörg frumkvöðlataækifæri muni skapast í kringum fyrirhugað laxeldi.

Leggja þarf áherslu á hugmyndir þar sem hægt er að byrja smátt, að mati þátttakenda.

4.2 SJÁVARÚTVEGUR OG FISKVINNSLA

Ekki hefur verið nein fiskvinnsla á Bíldudal um nokkurt skeið. Möguleikar á þessu sviði voru ræddir í einum hópi.

Helstu hindranir sem þyrfti að yfirvinna eru þessar, að mati hópsins:

- Það vantar húsnæði sem hentar undir litlar vinnslur, í þessu samhengi þarf að hafa í huga að það er takmörkuð fjárfestingageta hjá aðilum á svæðinu til að byggja nýtt húsnæði.
- Það skortir hér stuðningsfyrirtæki fyrir sjávarútveg og laxeldi og þarf að skipuleggja þá uppbyggingu með tilliti til framtíðaráforma í þorpinu.
- Það vantar lóðir og iðngarða fyrir þá starfsemi sem hugsanlega kemur í kjölfar áætlaðrar atvinnuuppbyggingu.

Rætt var um að skoða rækjuvinnslu í smáum stíl, rýna í nýja tækni/vinnsluferla eða annað sem getur gert mönnum kleift að vinna úr litlu magni með hagkvæmum hætti.

Einnig að kanna möguleika á að stofna samlag meðal strandveiðimanna og annarra útgerðarmanna um litla fiskvinnslu sem vinni úr þeim afla sem þeir koma með að landi.

Þá taldi hópurinn að koma þyrfti upp fiskbúð eða markaði þar sem hægt væri að kaupa ferskan fisk/sjávarafurðir af útgerðarmönnum í þorpinu. Jafnvel að hugsa um samstarf við handverkssölumarkað um sölu á staðbundnu sjávarfangi.

„Betri kynningu á úrræðum fyrir frumkvöðla.“

4.3 FERÐAÞJÓNUSTA

Tveir hópar ræddu um ferðaþjónustu. Annar um tækifæri í atvinnugreininni almennt og hinn út frá spurningunni: „Hvað getum við gert fyrir ferðamenn?“. Hér eru punktar frá báðum hópunum.

Lítið framboð í ferðaþjónustu á Bíldudal

- Hvort kemur á undan, þjónustan eða ferðafólkið?

Mikil þörf á að gera kannanir/rannsóknir á þörfum ferðafólks og hegðun.

Vetrarferðamennska á erfitt uppdráttar.

- Ekki hægt að komast hingað og á milli svæða (frá suðursvæði yfir á norðursvæði).
- Samgöngur hamlandi (spurning um ferju yfir Arnarfjörð).

Hvernig getum við bætt ferðaþjónustuna?

- Er hægt að eiga samtal við Vegagerðina um aukna þjónustu á axlartímabilum/veturna?
- Þörf er á að bæta upplýsingaveitu fyrir erlenda ferðamenn, þeir ana út í öll veður og björgunarsveitirnar eiga fullt í fangi með að bjarga þeim á heiðunum!
- Geta ferðaþjónustuaðilar tekið sig saman og aukið þjónustuna á veturna/axlartímabilum þó það borgi sig ekki í augnablikinu – langtímafjárfesting? Þá þarf líka að fá opinbera aðila til að vinna með í því!

- Ferðaþjónustuaðilar upplýsi /markaðssetji betur það sem er í boði á svæðinu og bæti við það úrval – til að fá fólk til að dvelja lengur en eina nótt (eða koma og fara samdægurs).

Skrímislasetrið

- Þarf að markaðssetja betur til að gera það að því aðdráttaraflí sem það gæti verið!
 - Nota ókeypis markaðssetningu betur.
 - Þarf að fá meiri stuðning til markaðssetningar (frá opinberum aðilum) – kostnaðarsamt og erfitt á meðan fjöldi ferðamanna er ekki nægilegur!

Smiðjan, rafstöðin og fleira

- Virkja betur.
- Skemmtilegt að hafa lifandi „safn“ – fólk að sýna gamalt verklag og lífshætti.
- Rafstöðin stefnir að opnun á 100 ára afmæli – kostar mikið – erfitt að fá aðstoð.

Styrkja góðar hugmyndir og það sem er til fyrir!!



Hvað getum við gert fyrir ferðamenn?

Almennt var rætt um að auka þurfi fjölbreytni og varð til listi yfir margskonar hugmyndir sem snúa að einstaklingum og framtaki fólksins á staðnum.

Afþreying

- Nýta mannauðinn á staðnum – virkja íbúa (m.a. til leiðsagnar, segja sögur o.fl.).
- Gönguleiðir „aðgengi“ t.d. kortleggja og leggja stíga.
- Gönguferðir undir leiðsögn heimamanna/kunnugra manna (t.d. fjörulallaferðir, Andahvilft o.s.frv.).
- Nýta báta sem annars hafa ekkert hlutverk.
- Siglingar utan aðalferðamannatíma t.d. að Dynjanda og inn að Mjólka að vetri til.
- Nýta póstbátinn.
- Samstarf við Náttúrustofu.

Upplýsingar

- Safna upplýsingum um „framboð“ á einn stað – allir í samfélaginu séu meðvitaðir um tilvist þjónustunnar og geta vísað á hana ef spurðir.
- Sögupunktur á skiltum.

Hópurinn var sammála um að suðursvæðið sé ein heild og minnka þurfi hrepparígin. Rætt var um „Gullna hringinn“ um suðurfirðina, en þá þurfi ástand vega að vera ásættanlegt. Halda mætti íþróttamót á svæðinu / þríþraut, þar sem ein þraut væri haldin í hverju þorpi. Varpað var fram hugmynd um svæðisleiðsögumenn.

Nokkur umræða varð um viðhorf og viðmót og var þar m.a. komið inn á að gera viðhorfsskönnun meðal heimamanna og að fram fari samræður meðal íbúa. Viðmót við gesti skiptir mál, eða eins og skráð var í niðurstöður hópsins: „Ef þú smælar framan í heiminn... allir græða“.

Hópurinn velti fyrir sér hvernig hægt væri að láta eitthvað af þessum hugmyndum verða að veruleika, það þurfi að vera hvati til að halda áfram. Varpað var fram draumi um „framkvæmdastjóra“ – aðila sem kemur hugmyndum í framkvæmd. Rætt var um framfarafélag og fram kom þessi uppástunga: „Stytta af Valda ;-“



4.4 TJALDSVÆÐIÐ

Einn hópur fjallaði um möguleika til að bæta tjaldsvæðið og jafnvel gera það að „besta tjaldsvæði í Evrópu“, eins og það var orðað. Hægt væri að gera sannkallað ævintýraland á svæðinu og skapa margskonar afþreyingu. Þessir punktar rötuðu á blað:

- Sundlaug / vaðlaug.
- Ylströnd.
- Útisturtur.
- Hreinlætisaðstaða – aðskilið fyrir karla og konur.
- Aðstaða fyrir sjósund í tengslum við pottinn.
- Strandblak.
- Smábryggja til veiða / bátaleiga.
- Útigrill / útiöldunaraðstaða.
- Meiri gróður.
- Leiksvæði fyrir börn.
- Bílastæðamál.
- Hugsanleg orkuupphitun frá kalkþörungaverksmiðjunni.
- Hindra óviðkomandi umgang eins og kostur er (leikur barna sem ekki gista á svæðinu).

Hópurinn lét ekki nægja að varpa fram hugmyndum, heldur ræddi hvernig mætti gera þær að veruleika. Þetta sé verkefni sem þurfi tíma og var miðað við fimm ár. Þátttakendur töldu mikilvægt að vinna markvisst og fylgja skipulagi við stækkun. Teikna þurfi svæðið upp og fylgja hugmyndunum eftir gagnvart skipulagsnefnd. Ákveðið var að stofna Facebook hóp fyrir þá sem hafa áhuga á að koma að málinu.

5. UPPBYGGING

Skipulagsmál og húsnaðismál voru til umræðu í tveimur hópum. Umræðan tengdist töluvert áformum um uppbyggingu tengda laxeldi.

5.1 SKIPULAGSMÁL

Í hópi um skipulagsmál var rætt um að klára flóðavarnir og kanna breytingar á ofanflóðavörnum til að betur megi nýta hús, t.d. Árnahús og skemmuna hjá Snæbirni.

Klára þurfi skipulag með tilliti til þéttingar byggðar. Rætt var um nýtt hverfi á Litlu-Eyrartúni og kallað eftir tillögum að nafni á nýju hverfi.

Hópurinn taldi mikilvægt að deiliskipulag verði vandað og að hugað verði að byggingamagni og byggingarlagi. Þá þurfi að huga að skipulagi þjóðvegjar í gegn um bæinn og var varpað fram spurningu um hvort ætti að færa hann.

*„Skoða reynslusögur
frá öðrum
bæjarfélögum í örum
vexti.
Læra af reynslunni.“*



5.2 HÚSNÆÐISMÁL

Hópur sem ræddi um húsnæðismál var upptekinn af því snúna viðfangsefni að auka framboð af húsnæði, með áherslu á leiguhúsnæði. Var þá vísað til aukinnar eftirspurnar sem yrði, verði uppbyggingaráform að veruleika.

Kortleggja þarf fjármögnunarmöguleika og kom fram tillaga um umræðu við íbúðalánasjóð um að opna fjármögnun. Opna þurfi fyrir möguleika til fjárfestinga.

Allt hangi þetta saman, „fæst með hærra fasteignaverði sem aftur fæst með auknu aðgengi að fjármagni“.

1. Opna fyrir fjármögnun.
2. Sem aftur liðkar fyrir markaðsverði.
3. Sem ýtir undir vilja til fjárfestinga.
 - a. Þegar forsendur eru til fjárfestinga
 - i. Leita hagkvæmra byggingaleiða.
 - ii. Áherslu á falleg hús og fjölbreytt úrræði (smáhýsi og stærri hús).
 - iii. Hagkvæm í rekstri.

Rætt var um þann möguleika að Vesturbyggð myndi dreifa gatnagerðargjöldum. Hópurinn taldi æskilegt að ýta undir áhuga fjárfesta um stofnun leigufélags. Fram komu áhyggjur af því að atvinnuleigufélög gætu ýtt óhóflega undir leiguverð.

Hópurinn vildi ekki fleiri blokkir í bæinn. „Áherslu á falleg hús með garði, í ýmsum stærðum.“

Æskilegt er að bæta nýtingu á húsnæði í bænum, að mati þátttakenda. Sameina mætti rekstur sveitarfélagsins í bænum, færa saman og losa þannig um húsnæði.

Fækka þyrfti sumarhúsum í bænum, nokkuð sem hópurinn taldi að yrði hugsanlega auðveldara með hækkun húsnæðisverðs. Lykillinn sé sá að tryggja aðgengi að fjármagni svo að slíkt geti gerst.

Loks mælti hópurinn með því að skoða reynslusögur frá öðrum bæjarfélögum í örum vexti og læra af þeirra reynslu.



6. NÁTTÚRA OG UMHVERFI

Í umræðuhópi um náttúru og umhverfi, var rætt um umhverfismál í víðu samhengi, verndun, merkingu og aðgengi að náttúruperlum.

Rætt var um skipulagðar fuglaskoðunarferðir með fagfólki.

Fuglaskoðun í Bíldudalsvogi:

- Fuglaskoðunarhús; þarf að finna góðan stað og hafa það hátt uppi (á stólpum).

Tillaga kom um skipulagða refa- og minkaveiði, til verndunar á bæði fuglum og kindum.

Áningarstaðir

- Skógræktin niður af Hálfðán verði betur merkt og nýtt sem svæði til náttúrutúlkunar.
- Flottir útsýnisstaðir á heiðum „Mynda-stopp-svæði“. T.d. hægt að nýta gömul námasvæði, er þegar í notkun en vantar viðhald og skipulag.
- Einnig sem svæði til að taka af vélsleða eða önnur vélknúin leiktæki.

Varðandi gönguferðir var rætt um að laga slóða að fallegum útivistarstöðum. Fróðir íbúar gætu tekið að sér leiðsögn og var m.a. horft til Borgarfjarðar eystri sem fyrirmyndar.

Rætt var um snjó- og aurflóðagarða og kom þetta fram:

- Útsýnissvæði – byggðir pallar.
- Nafnasamkeppni eins og „Skrímslahryggur“.

Þátttakendur ræddu umhverfismál í Arnarfirði út frá fiskeldi og annarri atvinnustarfsemi. Gera þurfi kröfur á fyrirtækin um að þau taki tillit til umhverfis og nýti sér fagþekkingu eins og arkitektúr- heildrænt. Rætt var um skilyrði varðandi frágang á svæðum þar sem eldi fer fram. Þá var varpað fram hugmynd um „skipulagðar ferðir út í kvíar“. Setja mætti upp jákvæð upplýsingaskilti um umhverfissjónarmið fyrirtækja.

Til umræðu kom að skoða mætti fyrirmyndir erlendis, til dæmis hvernig Norðmenn standa að málum (Sagastader).

Rætt var um mikilvægi upplýsinga og merkinga.

- Setja upp fuglaskilti sem vekja athygli ferðamanna sbr. „Athugið fuglavarþ“.
- Örnefnaskilti.
- Skilti sem marka upphaf gönguleiða.

Loks var bent á að bæta þurfi stöðu í sorp- og fráveitumálum m.a. fyrir vottun vegna ferðaþjónustu.



6.1 SKÓGRÆKTIN ÚTIVISTARSVÆÐI

Í hópi sem ræddi um skógræktina kom fram mikill áhugi á að gera meira úr því sem þar er og bæta aðgengi að og möguleika á svæðinu. Rætt var um að nýta það sem komið er, tengja allt útivistarsvæðið, grisja, gera stíga, setja borð, bekki og grill og koma upp fræðsluskiltum. Hópurinn taldi að skipuleggja ætti svæðið í samstarfi við fagaðila. Meðal annarra hugmynda er varða skipulag og aðstöðu má nefna:

- Hreinlætisaðstaða.
- Brúa ána.
- Bæta aðgengi, leggja veg fyrir neðan Tagl.

Ýmsir möguleikar voru viðraðir varðandi viðburði, s.s. grill, ratleikir, fræðsluferðir, skógarhöggsnámskeið og jólatrjáataka.

Lagt var til að efnt yrði til samkeppni um nafn á skógræktina. Athuga þyrfti samning Vesturbyggðar og Skógræktarfélags Arnfirðinga og koma á samstarfi við Arnfirðingafélagið um verkefnið.

Einnig var rætt um að

- Athuga styrki og samstarf við aðra aðila.
- Stofna / virkja félagsskap áhugahóps um skógræktina og skráðu sig margir í hann á staðnum.
- Áhugahópurinn geri tímaplan aðgerða.
- Stofna Facebook hóp.

„Stofna / virkja félagsskap áhugahóps um skógræktina.“

7. MENNINGIN

Nokkrir hópar ræddu menningarmál af ýmsum toga, bæjarhátíðina „Bíldudals grænar baunir“, Ævintýralandið Bíldalíu, möguleika á starfsemi á Dalbraut 1 og stofnun handverkshóps.

7.1 BÍLDUDALS GRÆNAR BAUNIR

Umræðuhópur sem fjallaði um bæjarhátíðina „Bíldudals grænar baunir“ komst að þeirri niðurstöðu að vert væri að „stofna nýtt félag um baunirnar með þátttöku heimamanna og brottfluttra“. Lagt var til að halda hátíðina annað hvert ár og halda umfangi með svipuðu sniði og verið hefur. Ánægja hafi verið með dagskrá, hugsa mætti fyrir nýjum liðum til að auka fjölbreytni, t.d með því að vera með þekkt númer á dagskránni. Staðsetning hátíðarinnar í ár hafi verið góð en þó mætti vera opin fyrir nýjum staðsetningum í framtíðinni.

Ýta ætti undir sköpun í samfélaginu, t.d í samvinnu við skólann eða vera með smiðjur á undan og gjarnan draga unga fólkið með í undirbúning.

Þá var nefnt að

- Ekki selja inn – nota armbönd (happdrætti) eins og var gert síðast.
- Súpan var snilld.
- Umbuna þeim sem vinna með veislu.

Hugmyndir

- Tema.
- Hverfin með og virkja fleiri.
- Skróðgang frá grindarhliði – safna fólki saman á leið í bæinn.

7.2 DALBRAUT 1

Nýir eigendur húsnæðisins að Dalbraut 1, nýttu tækifærið og buðu til umræðu um möguleika á starfsemi í húsinu, m.a. út frá hugmyndinni um „hugverka- og handverkshús“. Rætt var um að hægt væri að skipta árinu niður í tímabil, þannig að áhersla væri á handverk og listir á veturna og ferðaþjónustu á sumrin.

Helstu punktar voru þessir:

- Miðstöð tómstunda og handverks - /hugverkafólks.
 - Ýmisskonar aðstaða fyrir ljósmyndun, smíði, leir o.s.frv.
 - Raunveruleg þörf fyrir aðstöðu fyrir listafólk – langtíma/skammtíma.
- Samvinna um ýmis verkefni, til dæmis
 - Bildalía.
 - Starfsemi sem styrkir félögin, aðstaða og fólk sem gæti t.d. útbúið leikmyndir og búninga fyrir leikfélagið o.s.frv.
 - Laxaroð í handverk.

Rætt var um að fá (utanaðkomandi) stuðning í formi styrkja eða leigu og þá m.a. nefnt:

- Vesturbyggð – tómstundastarf? Félagsmiðstöð?
- Vinnustofur/aðstaða til námskeiðshalds og sýninga.

Umræða varð um möguleika á að höfða til markhópa utan svæðisins, hópa, listafólks, námsfólks og fleiri slíkra, sbr. „recidency house“.

Varðandi möguleika tengda eldhúsi hússins, rataði þetta á blað:

- Veisluaðstaða fyrir stórviðburði.
- Framleiðslueldhús.
- Samstarf/hugmyndauppspretta: Laxeldi.
 - Laxabær?
- Samvinna við Matís
 - Þróun á vörum, framleiðslu, t.d. fyrir veitingahús á staðnum.
 - Snaps/vín – þaravín/vodki – Bíldalía.
 - Kúmen.
 - Rabarbari.
 - Fiskur.

Þá bar á góma að gamlir hlutir eru til í húsinu sem ættu að fylgja og samfélagið þyrfti að laga og halda til haga. Leggja ætti áherslu á sögu hússins og að þema í gistingu gæti verið „sögumaðurinn“. Rætt var um að mikilvægt sé að breyta húsinu og bæta útlit. Eitthvað af hugmyndunum kosti ekki mikið og að gera þurfi áætlun um framkvæmdir á lengri tíma.



7.1 ÆVINTÝRALANDIÐ BÍLDALÍA

Til varð umræðuhópur utan um hugmyndina um „Ævintýralandið Bíldalíu“, sem unnið hefur verið að um skeið. Stefnt er að „Gufupönnkhátíð“ í júní 2014 og rætt um að vinnuhópur geri SVÓT greiningu fyrir hátíðina. Rætt var um möguleika á samstarfi af ýmsu tagi, svo sem við hugverka- og handverkshús og tómstundastarf og að virkja leikfélagið og hæfileikafólk. Viðraðar voru hugmyndir um að fá sirkusfólk á staðinn og flytja óperu í Baldurshaga.

Hópurinn vildi stefna að því að fá stuðning og styrki hérlandis og erlendis og lagði áherslu á mikilvægi góðrar og víðtækrar kynningar.

Sagt var: „Bíldalía er eign allra sem vilja“.

7.2 HANDVERKSHÓPUR

Settur var saman umræðuhópur um handverk á Bíldudal og ákveðið að stefna að því að stofna handverkshóp. Varðandi húsnæði voru ýmsir möguleikar ræddir, s.s. Svalborg, Höfðabrunn, Dalbraut 1, Skrímslasetrið, Selið og loks Baldurshagi, sem varð fyrir valinu.

Rætt var um að „nýta hugmyndir af námskeiði AtVest“. Starfsemin yrði sameinuð almennri tómstundavinnu og gegndi þannig jafnframt hlutverki félagsmiðstöðvar. Ákveðið var að leggja áherslu á fjölbreytni og tengja starfsemina við ímynd svæðisins. Stefnt yrði að umboðssölu af svæðinu og að standa mætti fyrir námskeiðum. Þá mætti vera með heimasíðu/sölusíðu, sögðu þátttakendur. Ákveðið var að finna nafn og lógó og stofna Facebook hóp eða síðu til að þoka málum áfram.

8. SAMGÖNGUR

Í umræðuhópi um samgöngur var komið víða við og rætt um vegi, jarðgöng, ferju, flug og umferðaröryggi. Auk þess fjallaði einn hópur um umferðaröryggi innan Bíldudals.

Rætt var um mikilvægi þess að tengja saman norður- og suðursvæði Vestfjarða. Því var fagnað að allar líkur eru á að jarðgöng verði lögð frá Dýrafirði í Arnarfjörð. Síðan fór fram mikil umræða um nauðsyn þess að tengja Arnarfjörð við norðursvæðið með varanlegum vegi um Suðurfirði Arnarfjarðar upp á Dynjandisheiði. Lögð verði áhersla á að byrja sem fyrst á varanlegum vegi um Dynjandisheiði.

Umræðuhópurinn var sammála um nauðsyn þess að lögð verði leið B 1. frá Vestfjörðum til Reykjavíkur.

Hópurinn taldi að leggja eigi áherslu á að lengja Bíldudalsflugvöll. Í næsta útboði um flug verði lögð áhersla á að þær flugvélar sem eru í notkun séu í samræmi við þarfir svæðisins.

Hópurinn taldi áhugavert að kanna nánar möguleika á ferju yfir Arnarfjörð að Auðkúlu eða öðrum stað á norðanverðum Arnarfirði.

Loks ræddu þátttakendur um umferðaröryggi á þjóðvegum (fjallvegum) og var hópurinn sammála um að gera verði þá kröfu að upplýsingar um færð á vegum séu aðgengilegar fyrir alla, þar með ferðamenn.

„Umræðuhópurinn var sammála um nauðsyn þess að lögð verði leið B1 frá Vestfjörðum til Reykjavíkur.“

8.1 UMFERÐARÖRYGGI

Umræðuhópi um umferðaröryggi var umhugað um úrbætur, sérstaklega á Dalbraut. Þar sem hún liggir í gegnum íbúðahverfi, geti Vegagerðin ekki lengur talað um hana sem aðalbraut þar sem ekki megi setja hindranir. „Þetta er ekki akbraut í gegnum byggðarlag eins og er í mörgum öðrum stærri þéttbýliskjörnum, þar sem fólk er að komast í gegn til að fara á næsta áfangastað. Hér eru mörg börn að leik og innkeyrslur þannig gerðar að engin yfirsýn er yfir bílaumferð“. Íbúar þurfi að berjast fyrir hraðahindrunum, því mikið sé um að ferðafólk og þungaflutningabílar keyri hratt í gegn „...og auðvitað íbúar sjálfir sem gleyma sér óvart!“. Nefnt var að gera mætti þrengingar með því að setja blómaker á nokkrum stöðum í gegnum bæinn.

Einnig kom þetta fram

- Hraðaskilti við bæjardyrnar þarf að vera í lagi – mjög oft úti!
- Öryggi barnanna okkar skiptir meira máli en að umferð komist hér óhindruð í gegn!!
- Setja upp skilti:
 - Börn að leik.
 - Myndavélakerfi.

*„Súpu- eða kaffispjall einu sinni í mánuði
þar sem fólk hittist og ræðir málin.“*

9. VIÐHORF OG VIRKNI

Í ýmsum hópum í gegnum þingið var komið inn á viðhorf og aðra huglæga þætti sem eru í höndum íbúa sjálfra og geta skipt máli fyrir samfélagsandann. Tveir hópar ræddu slík mál sérstaklega, „Jákvæðni“ og „Þátttaka íbúa“.

9.1 JÁKVÆÐNI

Að mati hópsins er mikilvægt að koma út jákvæðum skilaboðum og fréttum af svæðinu, enda hafi það áhrif bæði inn- og út á við.

Rætt var um að nýta vef Arnfirðingafélagsins til þess að koma jákvæðum fréttum áleiðis. Finna mætti aðila á staðnum sem gæti gegnt hlutverki fréttaritara. Hægt væri þá að koma upplýsingum til hans um fréttir eða uppákomur. Lögð var áhersla á að þetta yrði á jákvæðum nótum.

Sagt var „hætta að vera með neikvæð skilaboð á Facebook. Leysum málin innbyrðis“.

Þá ræddi hópurinn um mikilvægi þess að blása lífi í félagastarfsemi, eins og Leikfélagið. „Það skiptir máli að „hafa gaman saman“.“

Varpað var fram hugmynd um að koma á fót reglulegri samkomu í ætt við karlakaffi brottfluttra Bílddælinga á Kænunni í Hafnarfirði. Þetta gæti verið súpu- eða kaffispjall einu sinni í mánuði þar sem fólk myndi hittast og ræða málin. Hægt yrði að leggja fram málefni til umræðu eða spjalla um daginn og veginn. Þarna yrði tækifæri til að veita upplýsingar um mál sem eru efst á baugi í samfélaginu.

9.2 ÞÁTTTAKA ÍBÚA

Umræðan um þátttöku íbúa einkenndist af löngun til að virkja fleiri til þátttöku um málefni sem varða íbúana sjálfa og samfélagið í heild. Þetta skráði hópurinn á blað:

- Jákvæð skilaboð frá þeim sem taka þátt.
- Taka einhvern með sér. Hver og einn sem er virkur ber ábyrgð á því að taka einhvern nýjan með sér næst.
- Verður að vera einhver gulrót, veitingar eða annað til að draga fleiri að.
- Tímasetning funda/viðburða er mikilvæg, þannig að sem flestir komist. Skiptast á að hafa ábyrgð á viðburðum.
- Hvað getur þú gert?
 - Fá fólk til að hugsa meira um þetta. Hvernig það geti lagt sitt af mörkum og hvaða máli það skiptir.

Loks urðu umræður um spurninguna „verða allir að taka þátt?“, þ.e. hvort það sé endilega skilyrði að allir taki þátt. Niðurstaðan varð sú að vinna hægt en örugglega að því að fá fleiri fylgismenn við það að taka þátt.

„Hvernig getum við virkjað íbúa til þátttöku um málefni er varða okkur sjálf?!“

10. ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR

Einn hópur ræddi um hvernig mætti meta árangur af verkefninu „Bíldudalur – samtal um framtíðina“. Niðurstöðunum var skipt í þætti sem hægt er að mæla og huglægari þætti.

Teljanlegt

- Ný störf – varin störf.
- Ný verkefni – opinber / einka.
- Íbúaþróun – fleiri að en frá.

Huglægir þættir

Sterkara samfélag og aukin samstaða íbúa.

- Íbúafundir.
- Samtal íbúa.
- Viðhorfskannanir.

Raunhæfari væntingar.

Betri þekking á „kerfinu“, til dæmis stoðkerfum atvinnulífsins.



11. AÐ LOKUM

Verkefnið „Brothættar byggðir“ er unnið í fjórum byggðarlögum sem eiga það sameiginlegt að þar hefur orðið mikil fólksfækkun á undanförunum árum. Hver staður hefur þó sína sérstöðu og lausnirnar eru ekki endilega þær sömu. Bíldudalur sker sig úr að því leyti að þar eru nú áform um mikla uppbyggingu. Enn ríkir þó óvissa um hvort af henni verði og því er samfélagið í biðstöðu. Verkefnið snýst því annars vegar um að búa Bíldadal undir uppbyggingu og hins vegar að renna styrkari stoðum undir byggðina óháð því hvort af verður.

Á íbúáþinginu var mikill kraftur og í lok helgarinnar voru þegar orðnir til hópar til að vinna að málum áfram. Þá nýtur Bíldudalur þess í ýmsum verkefnum að margir brottfluttir íbúar hafa sterkar taugar heim og komu nokkrir þeirra vestur til að taka þátt í þinginu.

Þegar boðið er til þátttöku felst alltaf í því loforð um að nýta það sem út úr samráðinu kemur, í tengslum við ákvarðanir.

Í bréfi sem sent var út til íbúa til að kynna íbúáþingið sagði m.a.:

Verkefnisstjórnin hyggst vinna með íbúum Bíldudals og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni ykkar og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar, í málum sem snúa að Byggðastofnun, Vesturbyggð, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, AtVest og Háskólanum á Akureyri. Við ákvarðanir þessara aðila verður upplýst hvernig skilaboð íbúáþingsins voru höfð til hliðsjónar. Verkefnisstjórnin mun einnig koma niðurstöðum íbúáþingsins á framfæri við ríkisstjórn og stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun byggðar á Bíldadal.

Byggðastofnun leiðir verkefnið í samstarfi við Vesturbyggð, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Háskólann á Akureyri og skipa fulltrúar þessara aðila verkefnisstjórn, auk þess sem þar situr fulltrúi íbúa.

Verkefnisstjórnin mun nú vinna frekar úr skilaboðum þingsins í samræmi við þetta loforð og er stefnt að öðrum íbúafundi á Bíldadal í nóvember. Þar verður greint frá því hvaða mál verða sett í farveg og hvernig auk þess sem íbúar verða spurðir fréttu um verkefni sem þeir hyggjast ýta úr vör.

Tilgangurinn með samstarfsverkefninu „Bíldudalur – samtal um framtíðina“, er að stilla saman strengi íbúa, sveitarfélags og stoðstofnana til að efla byggð. Það er vert að hafa í huga að þetta er langferð sem kannski tekst og kannski ekki. Frumkvæði og samstaða íbúa og stuðningur verkefnisstjórnar eykur líkurnar á því að eitthvað af þeim hugmyndum sem ræddar voru á íbúáþinginu verði að veruleika og að mögulegar lausnir verði í samræmi við takt og vilja samfélagsins sjálfs.

